

HERMANN PÁLSSON

HRØRNAR ÞOLL

Þrjár myndir úr Hávamálum

1

SPÓKU FÓLKI hefur löngum verið ljóst að Hávamál eru sundurleit að uppruna, en þó skortir mikið á að slíkri þekkingu hafi verið beitt í því skyni að skýra eðli þeirra í heild. Með því að hægt er að draga í dilka eftir auðkennum ýmis erindi úr þessu kynngi magnaða kvæði, þá er nokkur forvitnibót að bera kennsl á þau mörk sem ráða greiningu. Sérstaka athygli hafa löngum vakið þær vísur sem bregða upp snöggum myndum úr náttúru og sveitalífi. Þegar varað er við *græðgi* er tekið dæmi af kviðfullum hjörðum sem vita þó hvenær mál er að halda heim „ok ganga þá af grasi“ (21. vísu). *Vinátta* hefur ávallt þótt dýrmæt, og í slíku kvæði er hún höfð í sérstökum hávegum, enda er þar brýnt fyrir mönnum að vanrækja hana hvergi og fara oft að finna þá vini sína sem þeir trúu vel (119. vísu):

þvíat hrísi vex
ok hávo grasi
vegr er vætki trøðr.

Víðar tíðkaðist forðum að hugtök á borð við *vegur* og *stígur* gegni tákn-rænum hlutverkum í sambandi við *vinátta* (Hermann Pálsson 1990:206). Stuðlaða samstæðan *hrís* og *hátt gras* skýtur upp kalli annars staðar. Í Grímnismálum (17. vísu) þykir svo loðið um að lítast á tilteknu svæði að þar mun enginn kvikur kvistur hafa gengið til beitar. Ósnortin jörð er gefin í skyn:

Hrísi vex
ok hávo grasi
Víðars land viði.

Í þjóðkvæði frá síðari öldum (Einar Ól. Sveinsson 1942:190) minnir samstæðan hins vegar á lítt troðnar slóðir, rétt eins og í Hávamálum:

Á hrísi
og háu grasi
er augna vegur
en eigi fóta.

Rétt eins og illa vini þarf að varast, stafar mikill uggur af þeirri ást sem fláráðum konum er í brjóst lagin. *Friður*¹ þeirra er í 90. vísu Hávamála:

sem aki ió óbryddom
á ísi hálom,
teitom, tvévetrom,
ok sé tamr illa,
eða í byr óðom
beiti stíornlausó,
eða skyli haltr henda
hrein í þáfíalli.²

Hér eins og víðar í líkingum Hávamála iða setningar af lífi og hreyfingu; myndir eru kvikar. Hollræðum spekikvæðis að bergja mat í hófi, að rækja tryggja vináttu og að varast fláráðar ástir verður drjúgur stuðningur að raun-sæjum lýsingum sem prýða kenningar hins forna skálds. Með slíku móti birtast dæmi úr daglegri reynslu í nýju ljósi: þungstígar baulur þramma af sjálfsdáðum heim úr loðnum haga að kveldlagi og verða eins konar tákni þeirrar hófsemi að troða ekki í sig meira mat en heilnæmt sé. Hrakningar á stýrslausu skipi í æsivindi úti á hafi minna rækilega á það angur sem stafar af flærðum kvenna. Svipuðu máli gegnir um illa tamið trippi sem tifar óbryddum hófum á hálum ísi. Þó er engan veginn svo langt gengið að brýna fólk berum orðum til að taka dæmi af dýrum í því skyni að leggja sem mesta stund á listina að lifa rétt og skynsamlega.³

Þegar kvæði á borð við Hávamál er leyst upp í frumþattu sína nægir ekki að taka einvörðungu mið af orðum, setningum, málsgreinum og siðrænum verðmætum, heldur þykir nú einnig skylt að sinna hvers konar myndum og líkingum. Ástæða er til að ætla að nákvæm rannsókn á öllum myndrænum vísium Hávamála og skyldleika þeirra við önnur erindi þar myndi skerpa skilning okkur á þeirri hugsun sem býr í kvæðinu. Hins skal einnig minnst að hlutverk líkinga í skáldskap eru víslega flóknari en stundum er ráð fyrir gert,

¹ Orðið *friður* í slíku sambandi merkir 'ást', rétt eins og löngum hefur verið talið.

² Myndin af þeim halta kauða sem bjástrar við að elta uppi hrein í þáfjalli minnir á Sami sem voru öllu slyngari við slíka hluti en Norðmenn sjálfir, að minnsta kosti ef engin þá var til boga.

³ Vitaskuld ber það vitni um skyldleika Hávamála með dæmisögum að þau vekja athygli á háttum dýra, svo sem hrossa, hreina, úlfa, kúa og arna.

og harla lítil ávinningur er að leika skáldlegar myndir svo grátt sem David A. H. Evans (1986) hefur gert og síðar verður vikið að.

2

Erindunum þrem sem ýjað er að í fyrirsögn greinar er það sameiginlegt að í fyrra helmingi birtist eftirminnileg mynd og verður hún tilefni til siðferðilegrar ályktunar í síðara helmingi, en sá hluti hefst með orðunum *svá er*.⁴ Vitaskuld þykir hentugt að ræða erindin þrjú í einni lotu svo að hægt sé að skýra hvert um sig í ljósi þeirrar birti sem stafar af hinum tveim. Slíkar vísur sverja sig í ætt við dæmisögur, hvort sem fjallað er um dýr eða önnur fyrirbæri, enda er ærin ástæða til að ætla að þær séu ortar eftir útlendum fyrirmyndum (Hermann Pálsson 1990:37–40). Svipuð tilhögun er alkunn af latneskum spekiorðum frá fyrri öldum, þar sem ályktun hefst með orðinu *sic*, sem gegnir sama hlutverki og *svá* í Hávamálum. Enn skal minna á þá latnesku speki af slíku tagi sem íslenskum skólanemum hefur löngum verið einna kunnust, og er þó af ýmsu öðru efni að taka (Hermann Pálsson 1990:49, sjá einnig 1990:274, 285):

Gutta cavat lapidem, non vi, sed sæpe cadendo:
Sic addiscit homo, non vi sed sæpe legendo.

Dropi holar stein, ekki með afli, heldur með því að falla oft.
Svo nemur maður ekki með afli heldur með því að lesa oft

Vísurnar þrjár (50., 62. og 78.) hljóða á þessa lund:

Hrørnar þoll,
sú er stendr þorpi á,
*hlýrat henne þorkr né barr;
svá er maðr,
sá er manngi ann;
hvat skal hann lengi lifa?

⁴ Harla lítil nýlunda getur talist að atviksorðið *svá* gegni slíku hlutverki í því skyni að skýra tilgang dæmisögu. Hemings þáttur Áslákssonar lýsir atviki, sem er raunar alkunn dæmisaga af hundi; hann heldur á mat í hvöftinum, sér spegilmynd af sjálfum sér í vatni, reynir að ná bitanum úr skuggamynd sinni og missir þá alls (*“Canis per fluvium carnem ferens”*). Sveinn Danakonungur fylgdist með óförum hundsins og svarar Tósta sem hvetur hann til að fara herferð til Englands: „Svá veit ek, at mér mun fara, ef ek fer nú til Englands.“ Konungur gerði sér ljóst að honum yrði ekki auðið að leggja England undir sig, en tilraunin gæti kostað hann Danmörku (Hemings þáttur 1962:35–6, sjá einnig Hermann Pálsson 1982:92–93).

Snapir ok gnafir,
er til sævar kœmr,
orn á aldinn mar;
svá er maðr
er með mǫrgum kœmr
ok á formælendr fá.

Fullar grindr
sá ek fyr Fitiungs sonom;
nú bera þeir vánar vǫl;
svá er auðr
sem augabragð;
hann er valtastr vina.

Utan Hávamála kannast ég ekki við mörg önnur erindi undir ljóðahætti af sömu gerð og þau, sem nú hafa verið birt. Þó skal geta tveggja úr Hugsvinnsmálum (134. og 80. vísa) og verður þeirra minnst hér til styrktar og samanburðar (leturbreyting mín):

Míkit vatn
gerir mǫrgum skaða,
þó falli eigi straumar strítt;
svá er seggr
slægr ok langþøgull;
þorfr er við þeim at síá.

Hársíðan mann
sá ek í hǫlða liði;
þó var honum skalli skapaðr;
svá er sá maðr,
sem margt á fiár
ok verðr um síðir snauðr.⁵

⁵ Þó skal snögglega minna á 31. erindi Sólarljóða (1991). Þar fjallar fyrri hlutinn um þá sem líkjast vǫrgum:

Úlfum líkir
þykkia allir þeir
sem eiga hverfan hug.

Síðari hluti hefst með atviksorðinu *svá* og lýsir þeim ógnum sem slíkur náungi á í vændum:

Svá mun gefask
þeim er ganga skal
þær hinar glæddu gǫtur.

3

Í fimmtugasta erindi Hávamála er drepíð á skömm örlög þeirra sem njóta engrar ástar af annarra hálfu, og nú skal endursegja það með alþýðlegu orðalagi:

Sú þöll sem stendur á þorpi hrörnar; hvorki börkur né barr skýla henni. Svo er þeim manni farið sem engum þykir vænt um. Hví skyldi hann lifa lengi?

Einsætt er að fyrsta setningin í þessu erindi er tvíráð, enda virðist hafa þvælst fyrir skýröndum hvort staðhæfingin „Hrörnar þöll sú er stendr þorpi á“ sé sérgild eða sígild. Einfaldasta auðkenni sígildra setninga er að þær fela í sér almenna hugmynd eða ákveðna kenningu, enda teljast margar þeirra til orðskviða eða spakmæla. En þær setningar teljast sérgildar, sem hafa ákveðinn geranda, svo sem sérnafn eða fornafn sem beitt er um tiltekna persónu ella þá eitthvað annað sem auðkennt verður. Á hinn bóginn teljast sígildar þær setningar í nútíð sem eru (a) frumlagslausar ella hafa þær að geranda (b) hugtaksheiti, (c) fornafn sem ekki er bundið við ákveðna persónu eða hlut eða (d) lýsingarorð (Hermann Pálsson 1990:19–22). Stundum ráða atviksorð gildi setninga.

Er nútíðin *hrörnar* í setningunni hér að framan notuð í almennu skyni um endurtekna athöfn eða lýtur hún sérstaklega að tilteknum stundum sem skáldið hafði í huga? Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu að frumlagið *þöll* eigi við ákveðna þöll sem greppur virðir fyrir sér og stendur á tilteknu þorpi, hnuggin berki og barri. Þegar slíkri skýringu er hlítt, yrði algerlega út í hött að velta fyrir sér af hverju þöllin er svo hart leikin.

Þó þykir engan veginn óhugsanlegt að óðsmiður kunnir að hafa haft í hyggju almenn sannindi um örlög sérhverrar þallar sem stendur á þorpi, enda lýtur orðið *þöll* þá að sérstakri viðartegund en ekki að ákveðnu tré. Af augljósum ástæðum er setningin *Hrörnar þöll* hver er stendr þorpi á sígild, en ef atviksorðinu hér er laumað inn til glöggvunar verður hún tvímælalaust sérgild: *Hrörnar þöll sú er stendr* hér á þorpi. Sama máli gegnir ef tíðarorðinu nú er bætt við á sama stað. Af ýmsum rökum þykir mér eðlilegra að gera ráð fyrir sérgildri setningu, og skal til samanburðar benda á tvær stöllur vísunnar í Hávamálum.

Einsætt er að báðar setningarnar í fyrra helmingi 78. vísu eru sérgildar. Frumlagið *ek* og tilvitnanir til *Fitjungs sona* skera úr um málið. Fyrstu persónu er beitt og í 70. vísu þar sem einnig er dregið dæmi af ríkum manni:

Eld sá ek upp brenna
 auðgom manni fyrir,
 en úti var dauðr fyr durom.

Myndin af þeim erni í 62. vísu sem snapir og gnafir á aldinn mar er hann kemur til sævar ber vitni um skáld sem kann glöggst skyn á náttúru og kemst hnyttilega að orði um það sem hann leiðir augum, hvort sem hann hefur litið slíkan örn í eitt skipti eða oftar en um sinn. En hversu sem því er varið, þá hlýtur þessi málsgrein að teljast sérgild, enda væri hæpið að gera því skóna að örnnum sé yfirleitt títt að snapa og gnapa á sæinn í hvert sinn sem þeir koma þangað.⁶ Augljóst er að fyrri helmingur í 80. vísu Hugsvinnsmála hlýtur að vera sérgildur, þar sem frumlag er í fyrstu persónu og vikið er að tilteknum manni sem missti hárið. Öðru máli gegnir um náttúrulýsingu í 134. erindi Hugsvinnsmála, hún varðar djúpt vatn yfirleitt, hvar sem vera skal á langhrjáðu yfirborði jarðar, og því er um að ræða almenna reglu; málsgreinin er sígild (Hermann Pálsson 1980:92–95).

4

Í orðsifjabók sinni telur Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1187) upp eftirtaldar merkingar í orðinu *þorp*: „lítið kaupún, þyrping bæjar- eða gripahúsa á sveitabæ (húsaþorp); smáhæð; haugur; bersvæði, klettasylla“. Miklar

⁶ Spakmæli sem varða náttúru fremur en manninn sjálfan geta reynst býsna örðug viðfangs, enda fer ekki mikið fyrir þeim í Hávamálum í heild. Auk ummæla í 119. erindi um hrís og hávaxið gras á fáförmum slóðum, skal þó minna á eftirtaldar setningar (21. vísu):

Hjarðir þat vitu
 nær þær heim skulu
 ok ganga þá af grasi.

Hér skortir þó hnitmiðað orðalag og hrynjandi. „Sialdan liggjandi úlfr / lær um getr“ (58. vísu). 74. vísu:

Hverf er haustgríma;
 fjöð um viðrir
 á fimm dögum,
 en meira á mánaði.

„Mörg eru dags augu“ (82. vísu). „Fold skal við flóði taka“ (137. vísu). Oft verður bent á hliðstæður í mannlegu lífi.

Til samanburðar við slík spakmæli um náttúruna í Hávamálum er nokkur forvitnibót að hyggja að Málsháttakvæði: „Allar gírnast ár í sjá.“ „Allopt verðr í hreggi svart.“ „Bjartast skínn í heiði sól.“ „Eik hefir þat er af annarri skefr.“ „Ekki mart er slœgra en refr.“ „Langviðrum skal eyða grund.“ „Ormar skríða ór hamsi á vár.“ „Stundum þýtr í logni lá.“ „Trauðla er gengt á ís of vár.“ „Útsker verða af bárum þvegin.“

þrætur hafa gengið um merkingu *þorp* í Hávamálum, og verður ekki reynt að rekja þá sögu hér. Orðtakið *þorpi á* bendir í þá átt að merkingar á borð við 'kauptún' og 'húsabyrping' komi ekki til greina, jafnvel þótt David A. H. Evans sé svo frjálslýndur í málfræði sinni að hann láti forsetninguna *á* gegna sama hlutverki og stalla hennar *í*. Bæjarheitið *Þorpar* í Tröllatunguhreppi er myndað á sömu lund og *Hrísar*, *Fjósar* og önnur af slíku tagi; hér er um að véla hvorugkynsorð í fleirtölu, sem tekur viðskeytið *-ar* í nefnifalli og þolfalli. Mér er ekki ljóst til hlítar hver merking sé fólgin í bæjarnafninu, en bæði 'berangur' og 'smáhæð' koma vitaskuld til greina. Í slíku sambandi skal minna á orðtökin *út um þorp* og *grundir* (einnig *út um þorpgrundir*), sem eru sambærileg við ýmis önnur af slíku tagi, t.a.m. *út um holt og móa*; og þó verður stuðlun oft til styrktar, svo sem í samstæðunum *út um holt og hæðir*; *mela og móa*; *holt og hraun*; *móa og mýrar*; *hvippinn og hvappinn*; *mela og mýrar*; *fen og flóa*. Slík orðtök skipa saman fyrirbærum í landslagi sem eru annaðtveggja svipuð eða andstæð að eðli og liggja þó nærri hvort öðru í náttúrunni. Með því að *grundir* í orðtakinu *þorp* og *grundir* benda á sléttan flöt og grösugan myndi orð í merkingunni 'berangur' vera í andstæðu að því leyti að hann er gróðurminni. Á hinn bóginn liggur *smáhæð* hærra en *grundin*.

5

Nú skal hverfa aftur á vit hrörnandi þallar. Nýlega var haldið fram þeirri kenningu að staðhæfingin „Hrörnar þöll sú er stendr þorpi á“ sé almenns eðlis og lúti að hvers konar þöllum sem rata í það ólán að standa á þorpi, og auk þess að hrörmun þallar hljóti að stafa af stöðu hennar á þorpi. Breski fræðimaðurinn, David A. H. Evans, sem þegar var getið, beitir (1986:97) djúpsærri þekkingu á furufræði og öðrum náttúruvísindum í því skyni að leysa þá ráðgátu hvar þallir standa sér helst til miska. Hann hrindir fyrir stapa þeirri gömlu og skáldlegu hugmynd að hrörnandi ungfura standi á hæð eða í halla, enda finnur hann það til foráttu að þallir visni ekki við slíkar aðstæður, heldur þrífist þær einkar vel. Að hyggju furufræðings gegnir öðru máli um þá þöll sem vex innan um bæjarhús; þar nasla dýr rætur hennar, geitur og önnur dýr kroppa af henni sprota og börk; svo kann að fara að fólk birki blessaða þöllina og geri sér mjöl úr þeim berki sem prýðir prunka furu.⁷

⁷ „The picture of the lonely fir on mound or hillside ... appeals to modern taste, but ... firs do not wither in such conditions; on the contrary, they thrive. Where they waste away is in the neighbourhood of human habitation. So ... the fir stands among farm buildings, its roots nibbled by animals, its shoots and bark eaten by goats and, perhaps, its lower bark flayed off to make

Af öllum þeim húsdýrum sem gera sér glaðning af furuberki þykir engin skepna jafn duttlungafull (capricious) og geitin. Með því að ég þekkti forðum snauðan mann sem eignaðist tvær geitur, þótt hann ætti raunar ekki þak yfir höfuð sér, ekki einu sinni taugreftan sal, þá hjálpaði ég honum stundum ungur snáði að eltast við geitlur; þeim þótt mest gaman að þríla í klettum og kroppuðu allan fjáránn. Þó stóðu húnvetnsku skjátur langt að baki þeim norsku geitum sem Evans rjálur við í Hávamálum og gnaga þar feiga þöll í þyrpingu húsa, að því er hann telur. Svo nákvæmar voru þessar norsku skepnur að þær virðast þyrma hverri þöll sem óx á grýttri hæð, enda var hún einnig frjáls af ágangi annarra húsdýra. Ungum furum var miskunnarlaust fórnað ef þær uxu heima við, en þó var þeim leyft að dafna að vild og lifa til elliára, ef rætur þeirra smugu um grýttan jarðveg úti á berangri. Þegar norskar húsfreyjur sendu þýjar sínar út eftir þallarberki til búsdryginda, var ekki gengið á grjóthæð heldur látið nægja að birkja þá þöll sem klúkti vesaldarlega innan um kofa og önnur bæjarhús. Hitt heyrir náttúrufræði til að barr og börkur hrynja ekki af þöll á grjóthæð fyrr en eftir að hún hefur látið lífið, en heimapöllin tórir í eynd um sinn, jafnvel þótt geitur og griðkur hafi hnuggið hana berki og barri. Hér er ekki hlítt þallarfræðum einum saman heldur einnig geðfræði geita og annarra húsdýra. Svo ákafur er David A. H. Evans að sveigja Hávamál undir vilja sinn og hreina þallarfræði í allri sinni dýrð, að hann kinokar sér ekki við að þverbrjóta einfalda og algera reglu í norrænni málfræði: Ef einhver fótur er fyrir þeirra hugmynd hins breska fræðimanns að þallartetur yxi innan um bæjarhús („among farm buildings“), þá mætti ætla að hið forna skáld hefði haft rænu á að beita rétttri forsetningu og látið feiga þöll standa þorpi í. Maður sem fæst við að skýra kvæði án þess að gefa gaum að rétttri málvenju lendir vonum bráðar á villustigum.

6

Með því að myndavísurnar þrjár í Hávamálum beita samlkingum, þá mun óhætt að gera ráð fyrir að hvor helmingur sé hinum skyldur að einhverju leyti.

flour ...“ (Evans 1986:97). Mikill ljóður má það teljast á ummælum Evans um þöll á þorpi að hann gefur engan gaum að síðari helmingi vísu þegar hann fjallar um hinn fyrri. Öðru máli gegnir um Stefán Karlsson sem leggur áherslu á einveru þeirrar þallar sem stendur á þorpi. Hann (1979:122) stingur upp á að nefhljóðsstrík hafi fallið niður yfir ‘á’ í öðru vísuorði og hefði upphaf erindis hljóðað á þessa lund: „Hrørnar þöll / sú er stendr þorpi á(n)“. Telur hann að þorp á þessum stað hafi merkt ‘trjáþyrpingu’. Stefán (1979:122) dregur athygli að málsgrein í kristinrétti Jóns erkibiskups, sem minnr á 2. vísuorð: „Eru þessar helganir, skírn ok ferming, svá samtengðar at hvárgi má annarra án, nema dauði komi í millum“ (leturbreyting mín). Skýring Stefáns fær þryðilega staðist, enda er leiðrétting hans næsta einföld.

Í fimmtugasta erindi er þöll sem stendur á þorpi líkt við mann sem enginn elskar. Skjólleysi hennar er berum orðum lýst, og mannum veldur það mein að honum stafar engin vernd af ástum annarra, en furunni er svo farið að hún hreykir sér hærra en annar gróður og hefur hvorki barr né börk til hlífðar. Gefið er í skyn að feigð standi báðum á hendur; slíkt er fólgið í spurdaga um manninn: Hvat skal hann lengi lifa? Og naumast verður efast um skammlífi þallar sem nýtur hvorki barrs né barkar; hún er komin að fótum fram. Slík þöll ber ekki barr sitt fram. Hrörnun þallar felur í sér vísan dauða hennar. Nú hagar svo til að í fornum kveðskap gat orðið *þoll* eitt sér merkt 'kona' (hálfkenning), og því mun óhætt að gera ráð fyrir tvöföldu hlutverki þallar: Henni er beitt ekki einungis í eiginlegri merkingu, 'ung fura', heldur órar þar einnig fyrir merkingunni 'kona, stúlka', jafnvel þótt hér sé um hreina náttúru-mynd að ræða.

Engin nýlunda mun það hafa þótt að einmana konu sé líkt við tré; fræg er sjálfslýsing Guðrúnar Gjúkadóttur í Hamðismálum (5.vísu):

Einstæð em ek orðin
sem osp í holti,
fallin at frændom
sem fura at kvisti,
vaðin at vilia
sem víðir at laufi,
þá er in kvistskæða
kømr um dag varman.⁸

Einsætt er að örninn í 62. erindi tákna hrokagikk sem hefur sig hátt yfir aðra menn og verður síðan að gjalda stórlætis þegar kemur í margmenni þar sem hann á fáa formælendur. Síðara hluta bregður mjög til niðurlags 25. vísu um ósnotran mann sem hyggur alla menn vini sína sem hlæja við honum:

Þá þat finnr
er at þingi kømr,
at hann á formælendr fá.

Þess er getið í fornum sögum að menn eigi fáa formælendur á Alþingi; svo verður þeim Sámi og Þorbirni í Hrafnkels sögu og Oddi Ófeigssyni í Banda-

⁸ Ein ástæðan til þess að skáld líktu fólki við skógartré var að báðum var einhvers konar líf sameiginlegt. Hér sakar ekki að minnst hugleiðingar í Konungs skuggsjá (1945:18): „... þvíat trét er kvíkt. Þat vex ok gefr grænt lauf, ok svá hrørnar þat ok þormar, þegar þat tekr at deyja. En fyrir þat má þat kvíkt kalla meðan þat er grænt, at þat deyr þegar þat hrørnar.“

manna sögu, en lýsing Hávamála minnir þó einna mest á Ölkofra þátt, en þar bregst greppur illa við stefnu um skógarbrennu (1950:85): „Ölkofri var málóði ok heldr stórorðr, lét þess ván, ef vinir hans kæmi til þings, at Skapti myndi eigi jafnstórliga láta.“ En þegar að þingi kemur, bregðast allir þeir sem hann taldi vini sína og neituðu að veita honum liðsinni; hann átti sér ekki formælanda þar (1950:86). „Var þá lokit stórleika hans ok drambi.“

Hverfleiki auðs í 78. erindis Hávamála minnir á tvær vísur í Hugsvinnsmálum. Auk hinnar 80. sem birt var hér að framan, heldur 34. vísa sér við sama heygardshornið:

Við meinum varna
skaltu á margan veg,
þótt þú sért fullsterkr at fé.
Margr er sá aumr,
er fyrir aurum ræðr.
Illt er auði at trúa.⁹

Um orðtakið *fullar grindr* (Hávamál 78. vísa) skal þess geta, að það felur í sér orðið *fé* sem merkti bæði ‘búfé’ (‘sauðfé, nautfé, geitfé’) og einnig ‘auður’, peninga í hvers konar mynd.

HEIMILDIR

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Eddadigte* I–II. 1955–1956. Útg. Jón Helgason. Ejnar Munksgaard, København.
- Einar Ól. Sveinsson (útg.). 1942. *Fagrar heyrði eg raddirnar*. Mál og menning, Reykjavík.
- Evans, David A. H. (útg.). 1986. *Hávamál*. Introduction: 1–38. Commentary: 75–157. The Viking Society, London.
- Hemings þátrr Áslákssonar. 1962. Ed. Gillian Fellows Jensen. EA. B:3. Copenhagen.
- Hermann Pálsson. 1980. Unde venit unda. *Gripla* 4:92–95.
- . 1982. *Sagnagerð*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- . 1990. *Heimur Hávamála*. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Hugsvinnsmál*. 1977. Utg. Birgitte Tuvestrand. Lundastudier i nordisk språkveten-skap. A:29. Lund.

⁹ Bergmáli frá þessari bragsmið bregður fyrir í Sólarljóðum (8. erindi):

Auð né heilsu
ræðr engi maðr,
þó honum gangi greitt.

- Konungs skuggsiá*. 1945. Útg. Ludvig Holm-Olsen. *Norrøne tekster nr. 1*. Norsk Historisk Kjeldeskrift-Institutt, Oslo.
- Málsháttakvæði. 1949. Útg. Ernst A. Kock. *Den norsk-isländska skaldediktningen II:73–78*. Lund.
- Norræn fornkvæði*. 1867. Útg. Sophus Bugge. Oslo.
- Sólarljóð*. 1991. Útg. Njórður P. Njarðvík. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1979. Porp. *Gripla* 3:115–123.
- Ólkofra þátr. 1950. Austfirðinga sögur. *ÍF* XI:81–94. Útg. Jón Jóhannesson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

SUMMARY

Strophe 50 of Hávamál is essentially a simile, in which a natural feature is compared to a human condition. The first half of the strophe presents a visual image of a *þoll* (fem. 'a young fir tree'), bereft of its bark and needles, withering away on a *þorp* (= 'a stony hill'?). In the second half, this pathetic picture is likened to a man whom no one loves. „Why should he live long?“ It seems reasonable to assume that the *þoll* in the first half represents a young woman who, like the man in the second half, is not protected by other people's love.

A British scholar David A. H. Evans has suggested that the doomed *þoll* actually grew among farmhouses but, considering that he ignores the semantic difference between the ON prepositions *á* (= 'on') and *í* (= 'in'), it is not easy to make sense of his proposal. The Icelandic farm name *Þorpar* and such expressions as *út um þorp og grundir* and *út um þorpagrundir* serve to support the notion that *þorp* may have denoted 'an open exposed place, where the soil was stony'.

There are only two other strophes in the poem with a similar structure as Hávamál 50. One is strophe 62, depicting an arrogant eagle flying down to the sea in search of food. Such a bird of prey is compared to a man who comes an assembly where there is he has no one who is willing to speak up for him. The other example is strophe 78, contrasting on the one hand the erstwhile well-stocked sheep-folds of the Fitjung's sons and on the other the fact that now they have become beggars. Wealth is ficklest of friends.

Numerous Latin *sententiae* as well as two strophes in Hugsvinnsímál that are structured in the same manner as Hávamál 50, 62, and 78 serve to strengthen the impression that we are ultimately dealing with a stylistic feature that was based on foreign models.

14 Royal Terrace Mews
Edinburgh EH7 5BZ
Scotland